

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 84/2013****2013/EES/61/34****frá 3. maí 2013****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/628/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkja Ameríku jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/630/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Kanada jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki <sup>(3)</sup>.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 31eb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009):
  - „31eba. **32010 D 0578**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46).
  - 31ebb. **32012 D 0627**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 30).
  - 31ebc. **32012 D 0628**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/628/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkja Ameríku jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 32).
  - 31ebd. **32012 D 0630**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/630/ESB frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Kanada jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 278, 12.10.2012, bls. 17).“
2. Texti liðar 31ec (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2012/627/ESB, 2012/628/ESB og 2012/630/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 278, 12.10.2012, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(4)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(4) Stjórnartíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjórnartíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 31.

**Sameiginleg yfirlýsings samningsaðila**

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2013 frá 3. maí 2013 um að fella inn í EES-samninginn framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB, 2012/628/ESB og 2012/630/ESB**

„Framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2012/627/ESB, 2012/628/ESB og 2012/630/ESB fjalla um jafngildi að því er varðar þriðju lönd. Ákvarðanir þessar eru felldar inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið hans.“